

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 23. janúar 2017
UST201701-015/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Brú á Eldvatn, Ásum. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 29. desember 2016 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endurnýjun brúar sem skemmdist í Skaftárhlaupi í október 2015. Ráðgert er að byggja nýja brú nokkuð neðan núverandi brúar. Leggja þarf um 840 m af vegum til að tengja brúna við vegakerfið þarf að verða um 200 m endurbygging núverandi vegar.


Efnistaka er fyrirhuguð úr skeringum norðan Eldvatns og úr námu í farvegi Kúðafljóts. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að vegur sunnan nýrrar brúar verði einungis lagður á fyllingum sem keyrðar verða út á hraunið. Fram kemur í greinargerð að lögð verði áhersla á vandaðan frágang og að núverandi brú verði fjarlægð. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að fjarlægja einnig undirstöður núverandi brúar.

Umhverfisstofnun telur að með vönduðum frágangi skeringar norðan Eldvatns og aflagðra hluta núverandi vegar ætti að vera unnt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar enda er hér um svæði að ræða þar sem gróska er mikil og ætti því að vera unnt að græða upp röskuð svæði bæði fljótt og vel. Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að Vegagerðin ætli að leggja mikinn metnað í mannvirkjagerðina eins og fram kemur í greinargerð.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri